

# Almenn skoðun ungbarns í heimavitjun

## Almennt

Útlit barns og hreyfingar, samhverfa, tonus, meðfæddir gallar og viðbrögð.

## Mæling

Þyngd og höfuðummál. Barnið er vigtað án fata og bleiu.

Höfuðummál lítils barns er auðveldast að mæla á barninu liggjandi. Mælt er með notkun málbanda sem ekki teygist á, s.s. úr málmí. Víða eru notuð taumálbönd, en mikilvægt er að endurnýja þau reglulega þar sem getur teygst á þeim með tímanum. Mælt er mesta höfuðummál um enni og hnakka.

## Húð

Litarháttur, útbrot, afrifur, þurrkur, hiti, blettir (s.s. mongolian spot, hemangioma).

## Höfuð

Höfuðmót, höfuðlag, skóf í hársverði.

Mislögun (asymmetri) á höfði er algeng, sérlega eftir erfiða eða langdregna fæðingu. Jafnvel þó að um talsverða mislögun sé að ræða, gengur hún smám saman til baka og má hafa áhrif á það með því hvernig barnið er látið liggja.

Þreifið á fremri hausamótunum (ant. fontanella). Aukinn þrýstingur án þess að barnið gráti er óeðlilegur og gefur tilefni til frekari rannsókna án tafar. Stærð ant. fontanellu er breytileg, eða allt frá 0,5 x 0,5 cm til 4 x 4 cm án þess að það teljist óeðlilegt.

## Andlit

Andlitsfall, augu (gröftur, roði), eyru, nef (þrengsli), munnur (skán, þruska, tunguhaft).

## Háls

Hreyfanleiki, eitlastækkarir, toniskt hnakkaviðbragð, viðbeinsbrot.

## Brjóstkassi

Lögun, geirvörtur, bólgur brjóstakirtlar.

## Kviður

Mýkt, nafli, naflastúfur, naflaslit.

## Kynfæri

Útlit, eistu í pung, hydrocele testes, kviðslit í nára, útferð hjá stúlkum, samloðun innri og ytri skapabarma.

## Endaparmur

Útlit.

## Handleggir

Samhverfar hreyfingar, hendur, fingur, neglur, gripviðbragð.

## Fótleggir

Samhverfar hreyfingar, fætur, tær, táneglur, gangviðbragð.

## Mjaðmir

Samhverfa á fellingum á lærum, hreyfingar í mjaðmalið, smellir eða brak.

## Hryggur

Sacral dimple, meðfæddir gallar.